

**Ed.**

**726. Lög**

um sölu á nokkrum hluta heimalands Auðkúlu í Svinadal.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí).

**1. gr.**

Ráðherra er heimilt að selja af landi Auðkúlu í Svinadal það, sem liggur fyrir sunnan Dældarhaus.

2. gr.

Um verð á landi þessu fer eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.